

Smásaga

DRAUMAHELLIRINN

Eftir Kristján Hreinsson



Ástóru túni stóð gamall hestur og
át gras. Þá kom þar gæs og ætlaði
að fara að gæða sér á grasinu.



Bíddu nú hæg, fröken gæs,
hneggjaði hesturinn, með munninn
fullan af grasi. -Hvað þykist þú
vera að gera?





Ég ætlaði nú bara að fá mér gras að éta, svaraði gæsin.

-Er þér ekki ljóst að þetta tún er mitt tún? spurði hesturinn.

-Varla deyrðu úr hungri þó ég narti örlítið í grasið þitt, sagði gæsin og byrjaði að éta.

Ég hef ekki gefið neinum leyfi til að
éta af mínu grasi, hneggjaði hesturinn
og var nú orðinn nokkuð fúll.





Ja, sá er nískur, kvakaði gæsin og
bætti við: -Sá sem er nískur, kemst
aldrei uppí Draumahellinn.
-Draumahellinn? Hneggjaði hesturinn
spyrjandi.



Já Draumahellinn sagði ég. Þeir sem eru nískir, þeir sem ljúga, þeir sem stela og þeir sem eru afbrýðisamir. Þeir fá ekki að fara í Draumahellinn.

Ég get svosem sagt þér allt um þennan helli, ef ég þæ að bíta gras, sagði gæsin og horfði á hestinn.





-Segðu mér söguna fyrst, svo geturðu fengið að éta.
-Þá það, sagði gæsin og byrjaði frásögn sína:

Í Draumahellinn er aðeins hægt að komast þótgangandi og þangað er einungis hægt að komast ef augun eru lokuð.



Lokaðu nú augunum og gakktu með mér í huganum alla leið, hélt gæsin áfram og horfði á hestinn. Hesturinn lagðist í grasið, lokaði augunum og beið þess að gæsin gæti haldið sögunni áfram.



Og ef þú vilt koma með þá máttu ekki vera nískur, sagði gæsin. Í hellinum máttu taka með þér eins mikið af gulli og eðalsteinum einsog þú getur hugsað þér að gefa.





-Ég verð að fá að bíta gras til að þú
fáir að koma með. -Þá það, sagði
hesturinn og beið eftir sögu
gæsarinnar.

-Fyrst göngum við yfir þetta stóra
tún, byrjaði gæsin frásögn sína

-Svo komum við að læk. Við nemum staðar, lítum til hægri og svo til vinstri, þá sjáum við brú. Við förum yfir þessa brú, þá erum við komin að skógi.




Við sjáum að fyrst eru trén lág og allur gróður lítill. En smátt og smátt verða trén hærri og hærri.



Við göngum eftir vegi sem hlykkjast gegnum þykkann skóginn, sagði gæsin og át gras áður en hún hélt þrásögninni áfram. -Í þessum þétta skógi eru ótal sveppir og ýmis blóm.







Við enda skógarins er lækur og yfir lækinn er brú. Yfir þessa brú þörum við og þá sjáum við brekku í fjalli.

Upp þessa brekku þörum við, hún er
aflíðandi í fyrstu, en síðan verður hún
brött. Við byrjum að klifra í klettum,
við skriðum upp skriður, áfram, áfram,
ofar og ofar.



A fantastical scene set in a rocky, forested landscape. In the center, a grey horse with a long, flowing white mane and tail stands on a path of golden coins. To the right, a white swan stands on the path. The background shows a large, dark cave entrance in a rocky cliff, with several white birds flying nearby. The scene is bathed in soft, golden light, suggesting a magical or dreamlike atmosphere.

Svo þegar við náum tindi fjallsins þá komum við að steini sem er svo stór að enginn kemst yfir hann. Við förum framhjá þessum steini því bakvið hann er Draumahellirinn

A detailed illustration of a white horse and a white swan standing in a dark, cavernous space. The horse is on the left, facing right, and the swan is on the right, facing left. They are surrounded by a large amount of gold and silver, including small cubes and larger pieces scattered on the ground and walls. The lighting is dramatic, highlighting the white of the animals against the dark, shimmering background.

Þegar við komum inní hellinn, þá sjáum við fullt af gulli, safn af silfri og óteljandi eðalsteina.

Þar eru svo margir gullpeningar, að þó miljón hestar og miljón gæsir myndu telja í miljón sinnum miljón ár, þá ættu þau samt eftir að telja mikið.



Já ef við komumst alla leið í
Draumahellinn, þá getum við tekið
með okkur svo mikið sem við getum
borið af gulli, silfri og geymssteinum,
sagði gæsin og hélt áfram að narta í
grasið meðan hún sagði frá:





-En til þess að við getum farið aftur í Draumahellinn, þá verðum við að gefa öðrum það sem við tókum með okkur úr hellinum í fyrstu ferðinni.

Nú hafði gæsin étið nóg, því hallaði hún sér í grasið hjá hestinum. Og innan tíðar sváfu þau bæði, södd og ánægð. Og í huganum fóru þau saman yfir túnið, yfir lækinn, gegnum skókinn, upp fjallið og alla leið í sjálfan Draumahellinn.




Og uppfrá þessu þór hesturinn í hverja draumaferðina á þætur annarri. Alltaf tók hann með sér mikið af dýrgripum og alltaf þurfti hann að gefa allt sem hann tók





Gæsin naut bara góðs af draumförum hestsins, því hún fékk að bíta svo mikið gras sem hún gat í sig látið.



Að gefa það er gott og snjallt,
græðgi mun það sefa
og þeir sem vilja eignast allt
ættu helst að gefa.